

7. fundur haldinn miðvikudaginn 19. ágúst 2015 í Ráðhúsi Stykkishólms og hófst hann kl. 16:00

Mættir:

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi
Kristín Björg Árnadóttir – Snæfellsbæ
Gísli Guðmundsson - Eyja- og Miklaholtssveit
Sólrun Guðjónsdóttir – Grundarfirði
Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri

Dagskrá fundarins:

1. Fjármál

Farið var yfir ársreikning fyrir árið 2014. Hagnaður varð af rekstri ársins kr. 2.542.317. Tekjur safnsins hafa aukist og rekstrargjöld lækkað. Rætt var um auglýsingakostnað og hvort hægt væri að ná þeim lið niður. Einnig var rætt um talsverða lækkun á húsnæðiskostnaði og ætlar Berglind að ræða við þór um nánari skýringar á því.

2. Opnunartími

Rætt var um opnunartíma sumarsins og hvernig sumarið gekk. Mikil aukning hefur orðið í fjölda ferðamanna og virðist það bara vera aukast og tímabilið að lengjast. Mikil ánægja er með þær breytingar sem orðið hafa á Krambúðinni og virðist hún vera að skila árangri.

Stjórn BSH leggur því til að opnunartími Norska hússins verður lengdur í báða enda í ljósi mikils ferðamannastraums.

3. Framkvæmdir

Engar framkvæmdir hafa verið frá áramótum, en búið er að mála neðri hæð að innan. Framundan er vinna við glugga á efri hæð, auk viðhalds að utanverðu.

4. Sýningar

Núverandi sýning, Verslunarsaga Breiðafjarðar verður út september og fer þá í Átthagastofu Snæfellsbæjar og þaðan í Flatey. Grunnskóli Stykkishólms mun verða með sýninguna „Veðrun og viðsnúningur“ í október og Erna Guðmarsdóttir hefur óskað eftir að halda sýningu í húsinu og áætlað að hún verði í nóvember. Ekki er búið að taka ákvörðun um sýningu fyrir sumarið 2016.

5. Aðsókn í sumar

Aðsókn sumarið 2015 hefur verið mjög góð og er töluverð aukning ferðamanna, það sem af er sumri hafa 2216 borgað sig inná sýninguna/safnið en 4764 heimsótt húsið. Mest var aukningin í júlí. Rætt var um aðgangseyrir og gerir **stjórn BSH það að tillögu sinni að aðgangseyrir verði hækkaður úr 800 kr. í 1000 kr.**

6. Önnur mál

Hjördís fagnaði þeirri ákvörðun aðalfundar Héraðsnefndarinnar að ráða aftur inn aðila í skráningarvinnu á safnmunum. Mikil vinna er framundan og er áætlað að starfsmaður hefji þá

vinnu 1.okt. n.k. Hjördís sagði líka frá hugmyndum sínum um að í framtíðinni verði einnig hægt að opna geymslur safnsins fyrir skólahópum til að sýna hvernig safnið virkar í raun.

Næsti fundur nefndarinnar er áætlaður um miðjan nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:50